

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Suðurgata 22.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 19. febrúar 2021, breytingu á deiliskipulagi reits 1.161 vegna lóðarinnar nr. 22 við Suðurgötu. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit á baklóð (vesturhlið) ásamt aukningu á byggingarmagni og breytingu á nýtingarhlutfalli lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vogabyggð, svæði 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 24. febrúar 2021, breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar, svæði 2, vegna lóðanna 2-9-1 og 2-9-2. Í breytingunni felst að lóðarlína á milli lóðanna 2-9-1 og 2-9-2 færist um 10 sm til norðurs auk þess sem þríhyrningslaga horn bætist við. Lóð 2-9-1 minnkar um 19,7 m² og lóð 2-9-2 stækkar sem því nemur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 3. mars 2021.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. mars 2021